

MENNING

Pau eru skáldleg nöfnin á myndum Elíasar B. Halldórssonar listmálara á Sauðárkróki: **Bláklukkan kallar, Prófill skógarmanns og Sólbæddir vængir.** Þrjú ár eru liðin síðan hann hélt sýningu í Reykjavík, en nú hefur hann lagt undir sig vestursal Kjarvalsstaða.

Heildarsvipurinn er annar en áður. Það sem fyrst vekur athygli er óvenjuleg stærð einnar olu-myndarinnar. Hún er 9 metrar á lengd en tveir á hæð. Ætli stærri mynd hafi nokkurn tíma verið máluð á Íslandi? Og fleiri myndir en þessi eru stórar á landsvísu.

Hver er skýringin á þessu, Elías?

Það er þeim Kára Jónssyni formanni stjórnar Safnahússins á Sauðárkróki og Hjalta Pálssyni bókaverði að þakka að þessi mynd var máluð. Þeir sáu til þess fyrir tveimur árum að ég fékk vinnuáðstöðu í einum sal hússins. Ég vona að þessi greiði féлага minna verði ekki metinn þeim til frádráttar þegar þeir kveðja dyra við Gullna hliðið. – Ég fékk hálf-gert víðáttubrjálæði þegar ég komst í þetta mikla og bjarta rými. Svo er vítt milli fjalla í Skagafirði og kannski engin furða þó að maður vilji gera hlutina stóra. Það er sagt að landslag skapi menn. Ég var fyrir löngu farinn að tala um að gera stóra mynd, og búinn að sjá margar

Blóðnætur. Einhver sá í henni Örlygsstaðabardaga. Aðrir sáu brýr frá þeim árum þegar Elías vann við brúarsmíði austur á Fjörðum. – Bráðar eru blóðnætur, segir máltækið.

En hvað um þennan breytta svip mynda þinna að öðru leyti?


Það besta sem fyrir mig hefur komið var þegar fjandinn hljóp í hjartað á mér fyrir hálfu öðru ári. Ég sá heiminn í nýju ljósi á eftir. Þetta var einhvers konar andleg hundahreinsun; ég gerðist djartari, þorði meira. Synir mínir eru líka á kafi í list (Gyrðir skáld og Sigurlaugur listmálar og skáld) og þeir hafa haft áhrif á viðhorf mín til myndlistarinnar.

Ertu með indíánalist í huga?

Það er rétt að litavalið gæti minnt á indíána. Kannski hefur eitthvað eldgamalt vaknað í mér sem ég las um indíána þegar ég var drengur. Ég finn til skyldleika við þennan þjóðflokk, enda af Reykjahlíðarættinni.

Og hvers vegna fer drengur í Borgarfirði eystra að huga að málaralist?


Ég var eitt sinn smástrákur að hreinsa fjárhúspalla fyrir pabba, en þann starfa hataði ég meira en allt annað. Þá mótaði ég með mér þann draum að verða málarari. Ég týndi draumnum. En ég fór seinna að mála. Ég átti að verða bóndi, því að Ármann bróðir minn (fræðimaður á Egilsstöðum) var ónothæfur til þess og pabbi orðinn lúinn. En ég reyndist ónothæfur líka. Þá var



Ég komst í hálf-gert víðáttubrjálæði þegar ég komst í þetta mikla og bjarta rými.

Bláklukkan kallar

Elías B. Halldórsson á Sauðárkróki hefur lagt undir sig vestursal Kjarvalsstaða og segir hér frá myndum sínum og lífshlaupi í líflegu viðtali



Ég var eitt sinn smástrákur að hreinsa fjárhúspalla fyrir pabba, en þann starfa hataði ég meira en allt annað. Þá mótaði ég með mér þann draum að verða málarari.

myndir á léreftinu, en ekki þessa. En það má samt segja um hana að hún byggist á ævistarfinu.

Menn þykjast sjá hitt og þetta út úr hinni stóru mynd Elíasar. Sumir nota á hana nafnið **Stór mynd í litum**, en hún heitir reyndar því grimmilega nafni

það pabbi sem ráðlagði mér að læra að mála. Ég hef aldrei getað skilið það. En úr því að þú nefnir Borgarfjörðinn og listina verð ég að nefna einn mann í því sambandi. Það er Jói frá Geitavík. Ég helga honum eina myndina hér, **Sólbrædda vængi.** Jói og pabbi

lágu ungir á garðvegg; Jói var þremur árum eldri og hann málaði frönsku skúturnar með börkuðum seglum og gaf pabba. Þessar myndir eru allar týndar. Jói frá Geitavík varð seinna þekktur undir nafninu Jóhannes Kjarval. Í Handíða- og myndlistaskólanum lenti ég hjá Sigurði Sigurðssyni. Það skipti sköpum. Ég brautskrádist 1958 og var eftir það um tíma í Stuttgart og Kaupmannahöfn.

Hver er skýringin á því að þú yfirgafst menningarmiðstöðvar og fluttist til Sauðárkróks?

Krókurinn hafði mótast í vitund minni löngu áður en ég fluttist þangað – fyrir áhrif Sigurðar Sigurðssonar listmálara, en hann er afburða sögumaður. Ég fann reyndar aldrei Krókinn sem Sigurður lýsti og er þó búinn að vera þar í 20 ár. – En það getur verið gott að þreifa fyrir sér í ró og næði. Maður veit af umheiminum þó að maður sé norður við Íshaf. Þessi þögn yfir landinu getur hjálpað til við sköpunina – og baráttuna við sjálfan sig. En kannski er ókosturinn við að búa á svona stað að þar verður ákveðin vöntun á „andlegri sambúð“. Par eru t.d. fáir til að telja þér trú um að þú sért listamaður.

Geturðu lýst tilfinningunni að koma suður til að sýna?

Það er eins og að ganga með folaldi, svo ég vitni til gamals vinar frá Borgarfirði eystra, sem var farinn að fitna. Maður verður að kasta á ákveðnum degi. Mig dreymdi eitt sinn við Selfjótisbrú að ég væri óléttur; átti að fæða eftir ákveðinn tíma, en vissi ekki hvornig ég ætti að fara að því. Þó að sýning hafi verið undirbúin árum saman er maður aldrei tilbúinn. Það fylgir þessu eftirvænting.

Fylgir því mikil einsemd að lifa í listinni einvörðungu?

Þeim sem getur gefið sig óskiptur að listinni er engin vorkunn. En auðvitað mætti stundum líkja þessu við 100 ára einsemd. Einsemdin kemur víða við; hún var líka hjá Gunnlaugi vitaverði á Glettinganesi. Það sóttu draugar að honum á nóttunni þegar brimið svarraði við Glettinginn. Hann skaut á draugana, og súðin var öll í götum. – Engillinn í **Sólbræddum vængjum** hefur líka orðið fyrir skotum: Svörtu blettirnir í vængjum hans eru merki um skothríð utan úr geimnum. Það sást til Gunnlaugs vitavardar á skyrtunni einni og í klofstígvélum sem

voru sitt af hvoru tagi: annað svart og hitt hvítt, og bæði sjórek-in. Þessar andstæður hafa stundum orðið mér umhugsunar-efni....

Það skiptist á svart og hvítt í lífi listarinnar. Jafnvel Kjarvalsstaðir, musteri myndlistarinnar, eru ekki óhultir. Þangað voru fluttir fóðurkögglar og kýr á dögunum, jafnvel þó að fjöldi listamanna biði eftir sólunum undir verk sín. En andstæðurnar eru kannski örvandi: Í frystihúsinu á Bakkagerði hangir mynd sem var máluð á fiskikassa fyrir meira en 35 árum. Hún heitir **Vor í Alpa fjöllum** og höfundur var ungur maður frá Snotrunesi sem enn hafði ekki séð annað en austfirsk fjöll: Elías B. Halldórsson. Hann sækir enn kraft austur til Borgarfjarðar, þar sem vatnið getur verið „belju-tært“ og andskotinn „nellikkufjölublár“. „Par sem landið er litskrúðugt talar fólkíð í litum.“ segir Elías að lokum. „Orðfærið er fánalega skemmtilegt fyrir austan. Par er t.d. talað um „helvítisdrullubliðu“. Og margir halda flámælskunni viljandi við. Líka það gefur málinu lit, vídd.

(Baldur Hafstað og Sölvi Sveinsson tóku viðtalið)